

30. ÁRSÞING SSNV

1. APRÍL 2022

FUNDARGERÐ



## Efnisyfirlit

Dagskrá.....	3
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara .....	5
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra .....	5
Skýrsla stjórnar.....	5
Fulltrúatal.....	5
Ársreikningur 2021.....	6
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning .....	6
Ávörp.....	6
Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.....	6
Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga .....	7
Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri SSNV .....	7
Samgöngu- og innviðaáætlun SSNV.....	7
Nefndastörf og kaffihlé .....	7
Erindi gesta.....	7
Verkefni áfangastaðastofu – Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri MN .....	7
Guðni Geir Einarsson, skrifstofustjóri innviðaráðuneytis .....	7
Hádegisverður.....	8
Erindi gesta, framhald .....	8
NPA brúarverkefni – Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir starfsmenn SSNV .....	8
Háskólar til hátíðarbrigða eða kjölfesta samfélaga? – Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum.....	8
Afgreiðsla nefndaálita .....	8
Fjárhagsnefnd .....	8
Allsherjarnefnd.....	8
Afhending Byggðagleraugnanna 2022 .....	10
Léttu nóturnar.....	10
Þingslit.....	10

## Dagskrá

**9:30 Þingsetning: Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV**

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara

**Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda**

Kjörnefnd, skipuð af stjórn, Fjárhagsnefnd og Allsherjarnefnd

**9:40 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2021**

Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV

**9:50 Kjörnefnd kannar lögmæti þingsins**

Regína Valdimarsdóttir, formaður kjörnefndar

**9:55 Ársreikningur 2021**

Kristján Jónasson, KPMG

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

**10:10 Ávörp**

Guðni Geir Einarsson, skrifstofustjóri innviðaráðuneytis

Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

**11:10 Samgöngu- og innviðaáætlun SSNV**

Regína Valdimarsdóttir, formaður samgöngu- og innviðanefndar SSNV

**11:20 Nefndastörf**

Fjárhagsnefnd fjallar um ársreikning

Allsherjarnefnd fjallar um samgöngu- og innviðaáætlun SSNV

**Kaffi**

**12:00 Erindi**

Áhersluverkefni áranna 2022-2023 – Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri SSNV

Verkefni áfangastaðastofu – Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri MN

**12:30 Hádegisverður**

**13:00 Erindi gesta, framhald**

NPA brúarverkefni – Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir starfsmenn SSNV

Háskólar til hátíðabrigða eða kjölfesta samfélaga? – Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum

**13:30 Afgreiðsla nefndarálita**

Fjárhagsnefnd

Allsherjarnefnd

**13:40 Afhending Byggðagleraugnanna 2022**

Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV

**13:50 Léttu nóturnar**

**14:00 Þingslit**

## Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna á þingið. Tilnefndi hún Sigfús Inga Sigfússon sem 1. þingforseta og Jóhönnu Ey Harðardóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hún til að þingritarar væru Ástrós Elísdóttir og Davíð Jóhannsson og varabingritarar Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Magnús Barðdal, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

## Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd:

Sigríður Regína Valdimarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður  
 Álfhildur Leifsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði  
 Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduósbæ  
 Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd  
 Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra

Þá kynnti þingforseti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra  
 Allsherjarnefnd: Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi

## Skýrsla stjórnar

Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2021. Skýrslan er aðgengileg í ársskýrslu ársins 2021 á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

## Fulltrúatal

Regína Valdimarsdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 26 mættir. Þingið telst því löglegt. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Hrefna Jóhannesdóttir	Akrahreppur	aðal
Drífa Árnadóttir	Akrahreppur	aðal
Guðmundur Haukur Jakobsson	Blönduós	aðal
Arnrún Bára Finnsdóttir	Blönduós	aðal
Anna Margret Sigurðardóttir	Blönduós	aðal
Ragnhildur Haraldsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þorleifur Karl Eggertsson	Húnaþingi vestra	aðal
Ingveldur Ása Konráðsdóttir	Húnaþingi vestra	aðal

Magnús Magnússon	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Eðvaldsson	Húnaþing vestra	vara
Dagný Rósa Úlfarsdóttir	Skagabyggð	aðal
Magnús Björnsson	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ingibjörg Huld Þórðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gísli Sigurðsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Regína Valdimarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Jóhanna Ey Harðardóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Álfhildur Leifsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Björn Ingi Ólafsson	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Péturína Laufey Jakobsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Kristín Björk Leifsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	vara

## Ársreikningur 2021

Kristján Jónasson, endurskoðandi, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2021:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 298.337.967 kr., rekstrargjöld 301.900.454 kr. og fjármunatekjur 767.515 kr. Tap varð því á rekstri samtakanna að upphæð 2.794.971 kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

## Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Til máls tóku: Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Sigfús Ingi Sigfússon.

Síðan vísaði þingforseti ársreikningi 2021 til fjárhagsnefndar.

Þingforseti tilkynnti um breytingu á dagskrá. Ávarp Guðna Geirs Einarssonar, skrifstofustjóra í innviðaráðuneyti færist í dagskrárliðinn Ávörp gesta. Erindi Unnar Valborga Hilmarsdóttur, framkvæmdastjóra SSNV flyst í næsta dagskrárlið.

## Ávörp

### Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

Stefán Vagn ræddi fjölmörg þau málefni er snerta landshlutann.

## **Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Guðjón þakkaði fyrir boðið að ávarpa þingið. Hann ræddi fjölmörg sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna. Hann studdist við glærur í ávarpi sínu og er þær að finna á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

## **Áhersluverkefni áráanna 2022-2023 – Unnur Valborg Hilmarsdóttir framkvæmdastjóri SSNV**

Unnur kynnti áhersluverkefni áráanna 2022 og 2023. Hún studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

## **Samgöngu- og innviðaaáætlun SSNV**

Regína Valdimarsdóttir, formaður samgöngu- og innviðanefndar, mælti fyrir áætluninni.

Þingforseti vísaði samgöngu- og innviðaaáætlun til allsherjarnefndar.

## **Nefndastörf og kaffihlé**

Nefndir tóku til starfa. Að loknum nefndastörfum hófust fundarstörf á ný.

## **Erindi gesta**

### **Verkefni áfangastaðastofu – Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri MN**

Arnheiður kynnti verkefni áfangastaðastofu. Hún studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Til máls tók: Ingibjörg Huld Þórðardóttir og svaraði Arnheiður fyrirspurn hennar.

### **Guðni Geir Einarsson, skrifstofustjóri innviðaráðuneytis**

Guðni fjallaði um hin ýmsu hagsmunamál sveitarfélaganna á starfssvæðinu.

Til máls tóku: Halldór G. Ólafsson og Sigfús Ingi Sigfússon og svaraði Guðni Geir fyrirspurnum þeirra.

## Hádegisverður

### Erindi gesta, framhald

#### NPA brúarverkefni – Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir starfsmenn SSNV

Davíð og Sveinbjörg kynntu NPA brúarverkefni sem unnið er að í samstarfi við erlenda aðila. Þau studdust við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

#### Háskólar til hátíðarbrigða eða kjölfesta samfélaga? – Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum

Erla Björk flutti hugvektu um hlutverk háskóla og tengingu háskóla við samfélög og atvinnulíf.

Þingforseti þakkaði Erlu Björk störf sín fyrir Háskólann á Hólum undanfarinn áratug en hún lætur af störfum í júní.

## Afgreiðsla nefndaálita

### Fjárhagsnefnd

Magnús Magnússon gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar. Lögð fram eftirfarandi tillaga:

*30. ársþing SSNV, haldið þann 1. apríl 2022, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2021.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur SSNV fyrir árið 2021 er aðgengilegur á heimasíðu með gögnum þingsins.

### Allsherjarnefnd

Ragnhildur Haraldsdóttir gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd lagði breytingartillögu Guðmundar Hauks Jakobssonar, Blönduósbæ, fram til afgreiðslu þingsins:

Í forgangsröðun verkefna tengdum flugsamgöngum (bls. 7 og 47) verði eftirfarandi breyting gerð á 3. áherslulið, sem er svohljóðandi:

*„Tryggt verði að Blönduósflugvöllur geti þjónað sjúkraflogi með viðunandi hætti m.a. með lagningu slitlags á flugbraut.“*

Þessi liður verði færður ofar í forgangsröð, og gerður að 2. áherslulið.



Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillögu Álfhildar Leifsdóttur sveitarfélaginu Skagafirði var vísað til umræðu og afgreiðslu þingsins:

4. áhersluliður í forgangsröðun verkefna tengdum raforkumálum (bls. 8 og 52) verði felldur niður. Hann er svohljóðandi:

*„Ráðist verði í viðameiri rannsóknir en þegar liggja fyrir á virkjanakostum í Skagafirði og mat á áhrifum þeirra á náttúru og samfélag í Skagafirði og nágrenni.“*

9 atkvæði féllu á móti tillögunni en 4 með, og tillagan því felld.

Bjarni Jónsson og Gísli Sigurðsson, sveitarfélaginu Skagafirði, tóku til máls. Álfhildur Leifsdóttir lagði fram eftirfarandi breytingartillögu:

Orðalagi í 4. lið forgangsröðunar verkefna tengdum raforkumálum (bls. 8 og 52) verði breytt. Fyrra orðalag:

*„Ráðist verði í viðameiri rannsóknir en þegar liggja fyrir á virkjanakostum í Skagafirði og mat á áhrifum þeirra á náttúru og samfélag í Skagafirði og nágrenni.“*

Tillaga að breytingu:

*„Ráðist verði í viðameiri rannsóknir en þegar liggja fyrir á orkukostum á Norðurlandi vestra og mat á áhrifum þeirra á náttúru og samfélag í landshlutanum.“*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd samþykkti breytingartillögu frá Sveini Þ. Finster Úlfarssyni, sveitarfélaginu Skagafirði, en lagði hana fram til umræðu og afgreiðslu þingsins. Tillagan var svohljóðandi:

Í kafla um vegamál, þar sem sveitarfélagið Skagafjörður hefur 6 áhersluliði (bls. 5 og 34 (Tafla 8. Forgangsvegir sveitarfélaga á Norðurlandi vestra)), verði bætt við 7. áhersluliðnum:

*„7. Reykjastrandarvegur (748), stofn- og tengivegur.“*

Til máls tóku: Magnús Magnússon, Regína Valdimarsdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þorleifur Karl Eggertsson og Sveinn Úlfarsson.

Afgreiðsla þingsins: Tillagan var felld með 13 atkvæðum gegn 9.

Þingforseti lagði fram eftirfarandi tillögu um samþykkt Samgöngu- og innviðaáætlunar Norðurlands vestra í heild sinni með áorðnum breytingum.

*30. ársþing SSNV, haldið þann 1. apríl 2022, samþykkir framlagða samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra með áorðnum breytingum.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra er aðgengilega á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

## Afhending Byggðagleraugnanna 2022

Ingibjörg Huld Þórðardóttir formaður stjórnar SSNV sagði frá Byggðagleraugunum, sem eru á ársþingi SSNV ár hvert veitt þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Hún tilkynnti handhafa Byggðagleraugnanna 2022.

Byggðagleraugu SSNV fyrir árið 2022 hlýtur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) fyrir uppbyggingu starfsstöðvar sinnar á Sauðárkróki. Þessi 26 manna vinnustaður hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið og er gott dæmi um vel heppnaðan flutning verkefna á landsbyggðina.

Aldís Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá HMS, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd HMS.

## Léttu nóturnar

Kristín Halla Bergsdóttir skólastjóri Tónadans kynnti til leiks systkinin Berg Jón og Ronju, nemendur í fiðluleik. Þau léku saman lag á fiðlur. Þá flutti eldri systir þeirra, Ragnhildur Sigurlaug, einnig lag á fiðlu og söng loks lagið When we were young.

## Þingslit

Sigfús Ingi Sigfússon þingforseti þakkaði þinginu fyrir góð störf. Því næst gaf hann formanni SSNV orðið.

Ingibjörg Huld Þórðardóttir formaður SSNV þakkaði þingheimi og starfsmönnum þingsins og sagði þinginu slitið.

Fundargerðina rituðu

Ástrós Elísdóttir og Davíð Jóhannsson,

starfsmenn SSNV.